



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. september 2021

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fjórði ársfjórðungur 2021

- *Á fjórða ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir að hámarki **23 ma.kr.** að söluvirði.¹*
- *Flokkar sem mögulega verða boðnir út eru allir markflokkar ríkisbréfa og munu markaðsaðstæður ráða því hvort og þá hversu mikið verður selt í hverjum flokki.*

Inngangur

Í ársfjórðungsáætlun fyrir annan ársfjórðung var kynnt lækkun á áætlaðri útgáfu ríkisbréfa árið 2021, úr 200 ma.kr. í 180 ma.kr. Útgáfa á fyrstu níu mánuðum ársins nam 157 ma.kr. að söluvirði og vantar því 23 ma.kr. upp á að markmiðum í lánamálum fyrir yfirstandandi ár verði náð.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fjórða ársfjórðungi er áætluð **23 ma.kr.** að hámarki. Líkt og í síðustu ársfjórðungsáætlunum verður áætluð hámarksútgáfa í einstökum flokkum ekki birt enda mikilvægt að ríkissjóður hafi svigrúm til að ákvarða útgáfu á milli flokka eftir markaðsaðstæðum hverju sinni.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Vegna þeirrar óvissu sem enn ríkir um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins er sveigjanleiki í vixlaútgáfu mikilvægur og til greina kemur að bæta við útboðum á ríkisvixlum umfram það sem fram kemur í útgáfudagatali Lánamála.

¹ Með söluvirði er átt við hreint verð (clean price) með áföllnum verðbótum á höfuðstól þ.e. verð með verðbótum án áfallinna vaxta.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar tveimur virkum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.